

EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf., Núpum III Núpum III í Ölfusi.



Dags eftirlits	9.12.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf., Núpum III	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Núpum III, Ölfusi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Orri Filippusson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	390484,225 387985,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu fyrir árið 2025. 1) Grænt bókhald fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum. 2) Ársyfirlit fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunavarnaeftirlit þann 9. desember sl. fór fram reglubundið eftirlit án vettfangsheimsóknar í Samherja fiskeldi ehf, að Núpum III í Ölfusi. Að Núpum III er klak- og seiðaeldisstöð. Starfsleyfið tekur til eldis á 300 tonnum á ári af seiðum laxfiska. Lífmassi í eldisstöðinni skal ekki vera meiri en 120 tonn á hverjum tíma

Eftirlitið fólst í yfirferð þeirra gagna sem rekstraraðila ber að skila inn skv. starfsleyfi og reglugerðum.

Yfirfarin gögn eru::

1. Grænt bókhald fyrir árið 2024, barst stofnuninni 28. apríl 2025.
2. Ársyfirlit fyrir árið 2024, barst stofnuninni 28. apríl 2025.

Athugasemdir voru gerðar við gögnin.

1. Grænt bókhald vegna ársins 2024 var ófullnægjandi, það vantar niðurstöður útreikninga á losun á fosfór og nitri, einnig var framleiðsla ekki rétt uppgefin, og er það frávik. Fullnægjandi skil bárust 11. desember og er frávikin lokað.
2. Ársyfirlit vegna ársins 2024 var ófullnægjandi, fosfór og nitur útreikningar voru ekki réttir og upplýsingar um lífmassa og fóður var ekki í samræmi við upplýsingar úr græna bókhaldinu og er það frávik. Fullnægjandi skil bárust 11. desember og er frávikin lokað.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 4.4 í starfsleyfi.	Í ársyfirliti skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráning, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Ársyfirlit vegna ársins 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil bárust 11. desember og er fráviki lokað.
gr. 4.5 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal skila umhverfisupplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Fullnægjandi grænu bókhald vegna ársins 2024 barst 11. desember og er frávikin lokað.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.12.2025

Auður Eyberg Helgadóttir